

Umsögn Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar um frumvarp um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum (forsendur úthlutana úr Jöfnunarsjóði), 391. mál.

Sveitarstjórnir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar eru í sameiningarviðræðum undir verkefnisheitinu Þingeyingur og senda því sameiginlega umsögn við frumvarpið. Sveitarstjórnirnar taka í meginatriðum undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga við frumvarpið.

Þá er vísað til umsagnar sveitarstjórna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar við tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga frá því í haust.

Nauðsynlegt er að ræða frumvarpið í samhengi við tillögu að stefnumörkun sveitarstjórnarráðherra í málefnum sveitarfélaga, því í þeim breytingum sem lagðar eru til á lögum um tekjustofna sveitarfélaga annars vegar og sveitarstjórnarlögum hins vegar má finna hvata og hindranir fyrir því að stefnumörkun ráðherra nái fram að ganga.

Leiða má líkum að því að veigamesta hindrunin fyrir því að stefnumörkun ráðherra nái fram að ganga sé að ekki sé gert ráð fyrir sérstökum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að standa undir kostnaði vegna sameiningar sveitarfélaga. Sveitarstjórnirnar leggja þunga áherslu á að ríkissjóður taki þátt í því þjóðhagslega mikilvæga verkefni að stuðla að endurskipulagningu íslenska sveitarstjórnarkerfisins með sérstökum framlögum í Jöfnunarsjóð. Óásættanlegt er að fjármagn til stuðnings við sameiningar sveitarfélaga sé tekið af fjármagni til annarra verkefna sem Jöfnunarsjóði er ætlað að fjármagna. Hið sama á við um ákvæði 9. gr. frumvarpsins þar sem gert er ráð fyrir að kostnaðarhlutur ríkisins í samkomulagi um tónlistarskóla sé greiddur af framlagi sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs.

Í umsögn sveitarfélaganna við tillögu að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga frá því í haust voru lagðar til nokkrar skýrt afmarkaðar breytingatillögur sem sveitarfélögin telja auka hvata til sameiningar. Eru þær ítrekaðar hér.

Lagt er til að við útreikning svokallaðra skuldajöfnunarframlaga verði miðað við samstæðureikning, þ.e. bæði A og B hluta. Tillagan var rökstudd með því að skuldir og skuldbindingar fyrirtækja í B-hluta eru háðar samþykki sveitarstjórna og með ábyrð sveitarsjóða. Þá eru skuldir B-hlutafyrirtækja í mörgum tilvikum með veð í skatttekjum sveitarsjóða. Í ljósi þess er óeðlilegt að undanskilja skuldir og skuldbindingar B-hluta fyrirtækja við mat á skuldastöðu.

Sveitarstjórnirnar leggja til að við ákvörðun skuldajöfnunarframlaga verði sömu aðferðum beitt og við útreikning á skuldahlutfalli skv. 2. tölul. 2. mgr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, líkt og gert er í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Þá leggja sveitarstjórnirnar til að heimilt verði að taka tillit til nauðsynlegs viðhalds og framkvæmda sem sveitarfélög hafa frestað til að standast ákvæði laga um rekstrarjafnvægi og skuldahlutfall. Sé það ekki gert taka framlögin ekki mið að

heildarskuldsetningu þeirra sveitarfélaga sem vinna að sameiningu og aðstöðumunur því ekki jafnaður.

Lag er til að framlög vegna sameiningar sveitarfélaga miðist við sama árafjölda. Í 3. og 12. gr. frumvarpsins er lagt til að fjárhagslegur stuðningur við jöfnun skuldastöðu, endurskipulagningu stjórnarsýslu og þjónustu, og vegna byggðaðróunar verði í 7 ár í stað 5 ára. Sveitarstjórnirnar leggja áherslu á að samræmis verði gætt, þannig að framlög vegna skerðingar sem kann að verða á tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar verði líka veitt til 7 ára.

Verði sameining Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar samþykkt í atkvæðagreiðslu verður til landstærsta sveitarfélag Íslands, sem nær yfir um 12% landsins. Landmikil sveitarfélög takast oft og tíðum á við flókin viðfangsefni, sér í lagi þegar kemur að skipulags- og umhverfismálum. Þau verkefni eru tíma- og kostnaðarfrek og kalla á mikla staðbundna þekkingu í bland við sérfræðiþekkingu á sviði skipulags- og umhverfismála. Því er lagt til að til viðbótar við byggðaframlag sem tekur mið af íbúaðróun verði sérstakt framlag til landstórra sveitarfélaga.

Sveitarstjórnirnar fagna því að heimild til að setja sérreglur um stjórn og stjórnskipulag einstakra sveitarfélaga í tilraunaskyni sé útvíkkuð.